

Þingflokksfundur Pírata, mánudaginn 27. mars 2017, kl. 13.

Fundinn sátu: Ásta Guðrún Helgadóttir, Birgitta Jónsdóttir, Björn Leví Gunnarsson, Einar Brynjólfsson, Gunnar I. Guðmundsson, Halldóra Mogensen, Jón Þór Ólafsson, Smári McCarthy, Þórhildur Sunna Ævarsdóttir og Jón Þórisson. Gunnar Hrafn Jónsson var fjarverandi. Berglind ritaði fundargerð.

Nr. 18/2017

Sigríður Bylgja Sigurjónsdóttir tilkynnti í upphafi fundar ákvörðun sína um að láta af störfum sem framkvæmdastjóri flokksins og vék að því loknu af fundi.

1. Fundargerð

Fundargerð frá 22. mars var samþykkt.

2. Bréf af þingflokksformannafundi

Ásta Guðrún gerði grein fyrir fundi þingflokksformanna og fór yfir drög að dagskrá vikunnar. Skýrsluskil rannsóknanefndar um kaup á eignarhlut ríkissins í Búnaðarbanka Íslands voru rædd. Ásta vakti athygli á ósk um tilnefningu í samráðshóp um brýnar vegabætur og fjármögnun þeirra og var málið rætt. Ákveðið var að þingflokkurinn tæki ekki þátt í nefndinni.

3. Dagskráin í dag og næstu daga

Birgitta og Ásta greindu frá fundi fulltrúa minnihlutans. Birgitta tekur til máls í óundirbúnum fyrirspurnartíma í dag og hyggst beina fyrirspurn sinni til heilbrigðisráðherra varðandi málefni United Silicor. Halldóra fer einnig í óundirbúnar fyrirspurnir ef laust er pláss. Ákveðið var að Birgitta og Smári taki þátt í sérstökum umræðum á morgun um gengispróun og afkomu útflutningsgreina. Viðvera næstu daga rædd.

4. Bréf úr nefndum

Þingmenn gerðu grein fyrir stöðu mála í fastanefndum. Smári greindi frá ferð sinni til Brussel og Jón Þór greindi frá fundi forsætisnefndar. Ákveðið var að nefndaseta verði rædd á næsta þingflokksfundi. Greint var frá stöðu mála varðandi yfirferð umsókna um starf aðstoðarmanns. Ákveðið að ræða starfsmannamál frekar á þingflokksfundi nk. miðvikudag. Jón Þórisson sendir umsóknir á þingflokkinn.

5. Tilnefning í nefnd

Þingflokkurinn samþykkti samhljóða tilnefningu í nefnd um gjaldtöku fyrir afnot af fiskveiðiauðlindinni. Ásta Guðrún hefur samband við viðkomandi.

6. Rammaáætlun

Einar gerði grein fyrir rammaáætlun og var málið rætt.

7. Fjármálastefna

Björn Leví gerði grein fyrir fjármálastefnu ríkisstjórnarinnar, sem verður á dagskrá þingfundar á morgun, og nefndaráliti sínu sem er í yfirllestri. Málið rætt.

8. Tilnefningar í stjórnir

Dagskrárlið frestað.

9. Önnur mál

Gunnar I. ræddi um málefni fiskeldis. Smári greindi frá þingsályktunartillögu í vinnslu og óskaði meðflutnings sem var samþykkt samhljóða. Birgitta minnti á samráðsfund í dag og Píratabíó á morgun. Halldóra vakti athygli á meðflutningsbeiðni og Þórhildur Sunna ræddi þingmál sem hún hyggst leggja fram. Dagskrá þingflokksfunda var rædd og voru viðstaddir sammála um að þörf væri á að halda aukafundi fyrir málefnavinnu. Lagt var til að funda á föstudögum og verður næsti fundur boðaður nk. föstudag kl. 10. Ásta ræddi ræddi um heimsókn til umboðsmanns Alþingis og Ríkisendurskoðun við tækifæri. Ásta greindi frá fyrirhugaðri ferð sinni til Brussel í seinni hluta vikunnar. Fleira var ekki rætt.

Fundi slitið kl. 14:49.